



Fræðslu- og forvarnarstefna Handknattleiksfélags Kópavogs (HK)

1. Inngangur

Handknattleiksfélag Kópavogs (HK) leggur ríka áherslu á fræðslu og forvarnir sem órjúfanlegan hluta af öllu íþróttta- og æskulýðsstarfi félagsins. Markmið stefnunnar er að tryggja öruggt, heilbrigt og uppbyggilegt umhverfi fyrir iðkendur, starfsfólk, þjálfara, sjálfboðaliða, stjórnarmenn og foreldra.

Stefnan gildir fyrir allt starf HK og allra deilda félagsins. Hún byggir á gildum HK – gleði, virðingu og metnaði – og á stefnum, reglum og leiðbeiningum íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, þar á meðal stefnu ÍSí um forvarnir gegn fíkniefnum og annarri óæskilegri hegðun.

2. Markmið fræðslu- og forvarnarstefnu

Markmið stefnunnar er að:

- fyrirbyggja neyslu á áfengi, tóbaki, nikótíni og fíkniefnum í tengslum við íþróttastarf,
- stuðla að heilbrigðum lífsstíl, vellíðan og jákvæðum samskiptum,
- fyrirbyggja einelti, áreitni, ofbeldi og aðra óæskilega hegðun,
- efla þekkingu og hæfni þeirra sem starfa innan HK,
- tryggja skýra, faglega og samræmda málsmeðferð þegar upp koma viðkvæm eða alvarleg mál,
- styrkja forvarnahlutverk íþróttastarfs gagnvart börnum og ungmennum.

3. Gildissvið og ábyrgð

Stefnan nær til:

- allra deilda HK,
- iðkenda á öllum aldri,
- þjálfara og starfsfólks,
- stjórnarmanna og sjálfboðaliða,
- foreldra og forráðamanna.





Aðalstjórn HK ber ábyrgð á samþykkt stefnunnar.

Framkvæmdastjóri HK ber ábyrgð á innleiðingu hennar og eftirfylgni.

Deildir HK skuldbinda sig til að vinna samkvæmt stefnunni í hvívetna og vísa í hana í sínum handbókum.

4. Fræðsla innan HK

HK leggur mikinn metnað í markvissa og reglubundna fræðslu sem styður við faglegt og öruggt íþróttastarf. Fræðsla er ætluð:

- þjálfurum,
- starfsfólki,
- stjórnarmönnum,
- iðkendum (með aldurssértækri nálgun),
- foreldrum og forráðamönnum.

Fræðslan tekur m.a. til:

- barnaverndar og verndar barna,
- samskipta og þjónustulundar,
- forvarna gegn fíkniefnum,
- andlegrar og líkamlegrar heilsu,
- álagsstjórnunar og kulnunarvarna,
- öryggismála, skyndihjálpar og viðbragða við slysum,
- vinnustaðamenningar, jafnréttis og fagmennsku.

HK heldur árlega fræðsluáætlun sem nær til skrifstofu félagsins og starfsmanna í íþróttamannvirkjum.

5. Fastir liðir í fræðslu HK

HK tryggir að eftirfarandi fræðslupættir séu fastir liðir í starfi félagsins:

- **Blátt áfram – Verndarar barna**
Allir nýir þjálfarar, starfsmenn og stjórnarmenn sækja námskeið í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun barna.
- **Skyndihjálpar**
Árleg skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara og starfsfólk.
- **Þjálfaramenntun og endurmenntun**
HK hvetur þjálfara til símenntunar og styður hana í samræmi við reglur félagsins.





- **Fræðsla í samstarfi við UMSK**
HK nýtir fræðslufyrirlestra UMSK eftir þörfum.
- **Tæknikerfi og verkfæri**
Fræðsla um kerfi á borð við Abler og Sideliner eftir þörfum.

6. Forvarnir og viðbrögð

HK vinnur markvisst að forvörnum gegn:

- neyslu á áfengi, tóbaki og fíkniefnum,
- einelti, áreitni og ofbeldi,
- vanlíðan, félagslegri einangrun og neikvæðri hegðun.

Öll íþróttamannvirki HK eru reyklus og neysla vímuefna á aldrei samleið með íþróttaiðkun, í samræmi við stefnu ÍSÍ.

7. Viðbragðsferlar

Ef upp koma mál sem varða samskipti, áreitni, einelti, ofbeldi eða aðra óæskilega hegðun:

- HK leitar **ávallt fyrst** til Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.
- HK fylgir **Samræmdri viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs**.
- Málsmeðferð skal vera fagleg, skjalfest, réttlát og með velferð barns eða ungmennis í fyrirrúmi.

8. Tengsl við handbækur deilda

Allar deildir HK vísa í þessa fræðslu- og forvarnarstefnu í sínum handbókum. Deildir setja ekki eigin fræðslu- eða forvarnarstefnur heldur vinna samkvæmt þessari stefnu og þeim ferlum sem hún kveður á um.

9. Endurskoðun og gildistaka

Stefnan er endurskoðuð reglulega og að lágmarki annað hvert ár, eða fyrr ef þörf krefur. Stefnan tekur gildi við samþykkt aðalstjórnar HK.





Samþykkt af aðalstjórn HK
Dagsetning: 19.12.25

